


Ýmsar upplýsingar um einstaklinga í þjónustu VIRK sem eru aðilar að stéttarfélögum innan BSRB


Þau gögn sem hér eru sett fram byggja á skráningu ráðgjafa VIRK á ýmsum upplýsingum um einstaklinga í þjónustu. Skráningin byggir í flestum tilfellum á svörum einstaklinga við ýmsum spurningum sem þeir svara ýmist í gegnum vefsíðu eða í viðtali hjá ráðgjafa. Skráningin getur því aldrei verið fullkomin. Að jafnaði er þó skráningin góð og ætti að gefa góða mynd af stöðunni. Skýrslan er unnin af Svandísi Nínu Jónsdóttur sérfræðingi hjá VIRK.

Fjöldi og kyn einstaklinga í þjónustu hjá VIRK


Á mynd 1 eru upplýsingar um fjölda einstaklinga sem koma í þjónustu hjá VIRK eftir heildarsamtökum á vinnumarkaði. Miðað er við tímabilið 2010-2017. Langflestir eru í ASÍ (7.096). Næstflestir eru í aðildarfélögum BSRB, eða 1.600 samtals. Yfir 2.000 einstaklingar eru ekki með skráða stéttarfélagsaðild við upphaf þjónustu. Ástæða þess getur bæði verið sú að einstaklingar eru ekki í stéttarfélagi á þeim tímapunkti sem þeir koma inn í þjónustu, t.d. vegna þess að þeir hafa verið lengi utan vinnumarkaðar. Eins getur ástæðan verið sú að einstaklingar séu sjálfstætt starfandi eða hafi af einhverjum ástæðum ekki getað gefið upp stéttarfélagsaðild.




Líkt og sjá má á mynd 2 eru konur í miklum meirihluta BSRB félaga sem sækja þjónustu til VIRK, eða um 83%.




Af mynd 3 má ráða að hlutfall kvenna í BSRB (83%) er hærri en í ASÍ (61%) en lægra en í BHM (89%) og KÍ (94%).



Á mynd 4 er að sjá fjölda karla og kvenna í BSRB sem voru í þjónustu VIRK á árunum 2010-2017. Af 1.600 þjónustuþegum VIRK voru karlar 278 talsins og konur 1.322.




Þegar litið er til hlutfalls í stað fjöldatalna (sjá mynd 5) sést að vægi BSRB kvenna í þjónustu VIRK helst að jafnaði nokkuð stöðugt yfir tíma (frá 80-84%).




Aldur einstaklinga

Á mynd 6 er að sjá fjölda einstaklinga í aðildarfélögum BSRB í þjónustu VIRK árin 2010-2017 yfir tíma, skipt í þrjá aldurshópa. Á myndinni má glöggjt sjá þáttaskil í aldurssamsetningu BSRB félaga frá 2014. Þá fækkar talsvert í hópi þeirra sem eru 45 ára og eldri á meðan yngri fólki fjölgar.




Breytingar á aldurssamsetningu BSRB félaga í þjónustu VIRK verða enn greinilegri þegar litið er til prósentuhlutfalls. Á mynd 7 er fækkunin í elsta aldurshópnum afar greinileg en hlutfall elsta aldurshópsins fer úr 68% árið 2010 í 44% árið 2017.

Mynd 7. Hlutfall í þjónustu hjá VIRK sem eru í BSRB árin 2010-2017, skipt í þrjá aldersflokka: 34 ára og yngri, 35-44 ára og 45 ára og eldri



Á mynd 8 er aldurssamsetning BSRB borin saman við meðalfjölda- og hlutfall í þremur bandalögum (ASÍ, BHM og KÍ). Á myndinni sést að hlutfallslega fleiri eldri þjónustugegar eru í BSRB en í samanburðarfélögunum.


Mynd 8. Hlutfall í þjónustu hjá VIRK sem eru í BSRB, skipt eftir aldri í samanburði við meðalhlutfall þriggja bandalaga (ASÍ, BHM og KÍ) á tímabilinu 2010-2017




Framfærslustaða við upphaf og lok þjónustu

Næstu myndir sýna framfærslustöðu útskrifaðra einstaklinga í aðildarfélögum BSRB við upphaf og lok þjónustu hjá VIRK. Hafa ber í huga að hér er framfærslustaða mæld sem fjöldi og hlutfall stöðugilda en ekki fjöldi og hlutfall einstaklinga því hver einstaklingur getur verið með fleiri en eina tegund framfærslu við útskrift. Á mynd 9 sést að um 49% allra stöðugilda við útskrift eru launuð störf á vinnumarkaði borið saman við um 44% stöðugilda við upphaf þjónustu (fjöldatölur á mynd 10). Ef einstaklingar eru með laun í upphafi þjónustu hjá VIRK þá er í flestum tilfellum um að ræða laun í veikindum – þ.e. viðkomandi er ekki með vinnugetu við upphaf þjónustu.


Mynd 9. Framfærsla einstaklinga í BSRB við upphaf og lok þjónustu hjá VIRK árin 2010-2017 - framfærslustaða mæld sem hlutfall af fjölda stöðugilda



Mynd 10. Framfærsla einstaklinga í BSRB við upphaf og lok þjónustu hjá VIRK árin 2010-2017 - framfærslustaða mæld sem fjöldi stöðugilda




Á myndum 11 og 12 er framfærslustaða BSRB félaga við upphaf og lok þjónustu hjá VIRK borin saman við framfærslustöðu félagsmanna í samanburðarbandalögunum (ASÍ, BHM og KÍ). Þegar litið er til framfærslu við upphaf þjónustu munar mestu á hlutfalli launaðra stöðugilda annars vegar (44% á móti 22%) og stöðugilda úr sjúkrasjóðum hins vegar (12% á meðal BSRB félaga en 30% í samanburðarhópnum). Þetta endurspeglar m.a. mismunandi réttarstöðu einstaklinga á vinnumarkaði þar sem réttur til launa í veikindum er mun lengri innan opinbera geirans en á almennum vinnumarkaði.




Þegar litið er til framfærslustöðu við útskrift (mynd 12) eru um 49% stöðugilda einstaklinga innan BSRB með laun á vinnumarkaði samanborið við 47% einstaklinga innan annarra heildarsamtaka.

Mynd 12. Framfærsla einstaklinga í BSRB við lok þjónustu hjá VIRK í samanburði við meðaltal þriggja bandalaga (ASÍ, BHM og KÍ) árin 2010-2017 - framfærslustaða mæld sem hlutfall af fjölda stöðugilda




Á mynd 13 er fjöldi stöðugilda á vinnumarkaði, í atvinnuleit eða námi við útskrift lagður saman í eina mælingu. Á tímabilinu sem um ræðir voru 59% stöðugilda útskrifaðra félaga í BSRB á vinnumarkaði, í atvinnuleit eða í námi borið saman við um 60% stöðugilda félagsmanna í samanburðarbandalögunum.

Mynd 13. Hlutfall BSRB félaga sem eru í vinnu, atvinnuleit eða í námi við lok þjónustu hjá VIRK í samanburði við ASÍ, BHM, KÍ og meðaltal þriggja



Lengd og ástæður fjarveru frá vinnumarkaði við upphaf þjónustu hjá VIRK

Á myndum 14 og 15 er fjallað um lengd fjarveru einstaklinga í aðildarfélögum BSRB frá vinnumarkaði við upphaf þjónustu hjá VIRK og þær ástæður sem þeir tilgreina sem orsök fjarvistanna. Um 52% einstaklinga í BSRB höfðu verið fjarverandi frá vinnumarkaði í skemur en sex mánuði borið saman við um 49% félagsmanna í samanburðarbandalögunum þremur (mynd 14).



Á næstu mynd (15) eru teknar saman upplýsingar um þær ástæður sem nýir einstaklingar í þjónustu VIRK tilgreina sem orsök fjarvistar frá vinnu. Sýndar eru upplýsingar um félagsmenn aðildarfélaga BSRB annars vegar borið saman við félagsmenn aðildarfélaga ASÍ, BHM og KÍ hins vegar. Innan við helmingur BSRB félaga nefnir stoðkerfisvanda (46%) og geðræn vandamál (44%) sem ástæður fjarverunnar, eða samtals um 90%. Hafa ber í huga að sumir tilgreina fleiri en eina ástæðu fyrir fjarvistum sínum og því standa hlutfallstölurnar ekki fyrir fjölda einstaklinga sem svarar.

Mynd 15. Tilgreindar ástæður fjarvista frá vinnu við upphaf þjónustu í VIRK árin 2010-2017 - félagsmenn í BSRB bornir saman við meðaltal þriggja félaga (ASÍ, BHM og KÍ) árin 2010-2017

